



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samskipti við forstjóra flugfélagsins Ernis

Á fundi borgarráðs þann 11. júní sl. var eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins lögð fram:

Óskað er upplýsinga um hver fól lögmönnum borgarinnar að kalla á forstjóra Flugfélagsins Ernis til að tilkynna honum að flugskýli og viðhaldsstöð félagsins yrði rífið, bótalaust.

Gildandi rammaskipulag fyrir Skerjafjörð, sem samþykkt var í borgarráði þann 28. júní 2018, gerir ráð fyrir því að starfsemi á svæðinu viki fyrir byggð. Á vettvangi umhverfis- og skipulagssviðs hefur verið unnið að deiliskipulagi fyrir svæðið þar sem unnið var út frá því að flugskýli flugfélagsins viki. Um er að ræða deiliskipulag í vinnslu. Með tölvupósti frá starfsmönnum skipulagsins, dagsettum 22. janúar sl., var óskað eftir því við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að rætt yrði við eigendur flugskýlis við Reykjavíkflugvöll, fasteignanúmer F202-9665, um að fjarlægja það. Beiðnin var ítrekuð með tölvupósti 17. mars sl. og á fundi sem haldinn var 24. apríl sl. Þann 30. apríl sl. funduðu fulltrúar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með fulltrúum Ernis þar sem þeim voru kynnt áform borgarinnar um samþykkt deiliskipulags. Fulltrúar félagsins gerðu athugasemdir og greindu frá því að um væri að ræða mannvirki sem mikilvægt væri starfsemi félagsins og í raun forsenda reksturs þess. Fulltrúar borgarinnar á fundinum brugðust við athugasemdunum með því að leggja til að farið yrði í þá vinnu að skoða aðrar leiðir og er sú skoðun enn í gangi.

Helga Björg Ragnarsdóttir